

**ÞINGGERÐ 14. SAMBANDSPINGS**  
**ÍPRÓTTASAMBANDS FATLAÐRA**  
**HALDIÐ Á RADISSON SAS HÓTEL SÖGU**  
**16. MAÍ 2009**

**1. Þingsetning**

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs ÍF bauð alla velkomna og bauð Sveini Áka Lúðvíkssyni formanni ÍF að setja þingið.

**Ávarp Sveins Áka Lúðvíkssonar, formanns ÍF**

Heiðursfélagi ÍF, Sigurður Magnússon,  
virðulegu gestir og félagar.

Hér fer fram í dag 14. sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra.

Enn höldum við sambandsþing okkar hér á Radisson SAS, Hótel Sögu og vil ég þakka stjórnendum hótelsins fyrir að styðja við bakið á okkur og færi ég þeim bestu þakkir fyrir þeirra trygglyndi og áhuga á okkar starfi. Ástæða þess að við erum með þingið okkar í Reykjavík að þessu sinni er, fyrir utan að geta verið á þessu glæsilega hóteli, er að á morgun fagnar ÍF 30 ára afmæli og er ætlunin að gera sér dagamun af því tilefni, og munum við halda upp á afmælisdaginn í Krika, sumarhúsi Sjálfsbjargar við Vatnsenda við Elliðavatn. Eru allir þingfulltrúar boðnir velkomnir að vera með okkur og hefst samkoman kl 14:00.

Síðast þegar við komum hér saman til þingstarfa vorum við full bjartsýni og litum björtum augum til framtíðarinnar, enda spennandi verkefni fram undan. Og öll þau verkefni gengu eftir og tók hver stórviðburðurinn við af öðrum.

Ekki ætla ég að nefna öll þessi verkefni hér, þau eru tíunduð í ársskýrslunni en mig langar þó að minnast á þrjá stórviðburði sem stóðu upp úr að mínu áliti.

Þetta voru Norræna barna- og unglíngamótið sem haldið var hér á landi s.l. sumar og heppnaðist einstaklega vel, svo vel, að þeir sem stjórnðu mótinu voru svo vel tengdir og fengu veðurguðina í lið með sér svo hressilega að þá daga sem mótið var, var veður best í Reykjavík í allri Evrópu og t.d höfðu erlendu gestirnir að orði að þeir hefðu aldrei trúað því að hægt væri að spila borðtennis utanhúss, á miðnætti!

Hinir viðburðirnir voru frækileg för fjölmenns hóps á Special Olympics í Shanghai í september 2007 þar sem með var í för, forseti Íslands herra Ólafur Ragnar Grímsson, stjórnarmaður í heiðursstjórn Special Olympics International og ekki síður, verndari okkar. Á þessa leika komu einnig forseti Ólympíu- og Íþróttasambands Íslands Ólafur Rafnsson og er það í fyrsta skipti að forseti Íþróttahreyfingarinnar á Íslandi kemur sem gestur á stórviðburð hjá fötluðum svo ég viti til og vil ég sérstaklega þakka Ólafi hans áhuga á okkar starfi en við höfum öll fundið hversu áhugasamur hann er um íþróttir fatlaðra. Eins voru í för fulltrúar helsta samstarfsaðila ÍF, Rúmfatalagersins og var mjög ánægjulegt að hafa fulltrúa fyrirtækisins með.

Síðasti stórviðburðurinn sem ég vil minnst sérstaklega á, er Ólympíumót fatlaðra sem fór fram í Peking, síðastliðið haust.

Að þessu sinni áttum við færri keppendur en að undanfögnu og þrátt fyrir góða frammistöðu allra keppenda, náði enginn þeirra á verðlaunapall og er það í fyrsta skipti síðan 1980 er við höfum þátttöku í Ólympíumótum, sem það gerist. Ég vil alls ekki draga úr frammistöðu okkar keppenda, það er frábært afrek að komast yfir höfuð á Ólympíumót, en það er áhugavert verkefni til að skoða nánar hvort við getum staðið okkur betur í undirbúningi fyrir næsta mót, í þeirri von að ná til verðlauna í London 2012. Mundi það ekki vera verðugt markmið?

Á Ólympíumótinu í Peking vorum við þess heiðurs aðnjótandi að þáverandi félagsmálaráðherra frú Jóhanna Sigurðardóttir og núverandi forsætisráðherra var ásamt góðu föruneysi, heiðursgestur okkar.

Var mjög ánægulegt að hafa þau með í för, þau sýndu íslensku keppendunum og leikunum í heild mikinn áhuga, heimsóttu íslensku keppendurnar í Ólympíuþorpið og studdu við þau í keppni. Var auðfundin sú virðing sem þau báru fyrir íslensku keppendunum og þeirra stolti að vera Íslendingur þegar þau fylgust með þeim á æfingum og í keppni.

En það hefur margt breyst í heiminum og þá sér í lagi á Íslandi síðan þetta gerðist og ég tala ekki um síðan við komum saman á okkar síðasta þingi.

Svo kölluð heimskreppa er skollin á með öllum sínum afleiðingum. Hafa áhrif hennar orðið einna mest hér á landi og kannski skiljanlega þar sem samfélag okkar er svo lítið og við megum við svo litlu.

Og ekki hjálpar til að önnur lönd eru í lægð þannig að ekki er þangað að leita með atvinnu eða kaup á afurðum.

Hverjar afleiðingar þetta hefur á íslenskt þjóðfélag til lengdar er ekki vitað en við erum þó þegar farin að finna að við getum ekki lifað á sama hátt og við gerðum.

Sumir vilja meina að við hefðum mátt gæta að okkur á þeirri braut sem við vorum á, við höfum verið komin hratt inn í þotuöld, of hratt fyrir okkar hollustu og getu, en á móti kemur að enginn vill að almenningur þurfi að líða á 21. öldinni, það sé ekki þörf á því.

Þegar ég segi að líða fyrir, þá á ég við að margir hafa tapað eignum sem og vinnu og er það skelfileg tilhugsun. Ekkert getur réttlátt það.

En staðan sem við Íslendingar erum í hefur áhrif á heimilin í landinu, hjá því verður ekki komist. En á heimilum eru ekki bara fyrirvinnur. Þar búa oftast börn og unglingar sem ósjálfrátt dragast inni ástandið. Það er svo erfitt að aðskilja daglegar áhyggjur frá þeim sem eiga ekki að þurfa að þjást. Börnin dragast inni umræðuna og finna fyrir áhyggjum þeirra sem eru fyrirvinnur.

Ástæða þess að ég nefni þetta hér í mínu ávarpi er, að ég er með áhyggjur af því að þeir erfleikar sem við stöndum nú frammi fyrir munu bitna á þeim sem minnst mega sín.

Á ég þar við öðrum fremur, fatlaða einstaklinga sem þurfa svo nauðsynlega á hreyfingu að halda og dreifingu hugans frá ástandinu. Má segja að ef oft var þörf að nú er nauðsyn að fatlaðir geti stundað íþróttir. Margsinnis hefur verið minnst á þá staðreynd að þegar fatlaðir einstaklingar stunda íþróttir þurfi þeir á minni umönnun og lyfjum að halda, því ástundun hreyfingar og ekki síst þátttaka í félagsstarfi eykur þrek og þol.

Því reynir á íþróttafélögin í landinu að geta haldið úti starfsemi sinni, að þau geti aukið starfið og boðið upp á nýja möguleika.

En hvernig eigið þið að geta þetta? Ríkið hefur boðað aðhald og niðurskurð í fjármálum og margir aðilar sem studdu dyggilega við íþróttahreyfinguna eru horfnir á braut eða hafa ekki bolmagn til að halda áfram stuðningi sínum.

Ég vil nota tækifærið hérna til að segja við ykkur að ég hef fulla trú að þetta mun takast. Þið sem hafið unnið fórnfúst starf við uppbyggingu íþróttar fyrir fatlaða, þið farið ekki að láta ástandið nú, eyðileggja ykkar starf. Fyrir þetta vil ég þakka ykkur af heilum hug og með aðdáun. Sem betur fer eruð þið íslensk og við Íslendingar erum ekki þekkt fyrir að gefast upp. Þegar eitthvað bjátar á, kemur upp samheldni hjá okkur, samheldni sem skilar árangri. Þannig hefur það verið frá upphafi landsbyggðar og þannig verður það áfram, ekki erum við neinir ættlerar, eða hvað?

Ég get fyrir munn þeirra stjórnarmanna ÍF sem nú eru í stjórn að það er fullur einhugur á að beina þeim tilmælum til þeirra sem veljast til stjórnar á þessu þingi að leggja áherslu á komandi tímum á uppbyggingu á starfinu innanlands en um leið að missa ekki sjónar á þeim hvata sem ávallt þarf að vera til staðar til uppbyggingar íþróttar og þátttöku og frammistöðu á stórmótum.

Ég vil taka það fram hér og eins og kemur fram í ársreikningum okkar sem liggja frammi, að ÍF hafði þá gæfu að tapa ekki sparnaði sínum í hremmingum vetrarins og eigum við fjármagn til að halda áfram starfsemi okkar, þrátt fyrir fyrirhugaðan niðurskurð ríkisvaldsins.

Á nýafstöðnu þingi Ólympíu- og íþróttasambands Íslands, minntist gjaldkeri ÍSÍ á að það væri ákjósanlegt ef til væru í sjóði eignir sem gætu haldið uppi starfseminni í heilt ár án utankomandi fjármagns og erum við svo lánsöm að vera nánast í sömu stöðu og ÍSÍ hvað það varðar.

Einnig er mér það mikil ánægja að geta sagt ykkur að við höfum nýlega endurnýjað samstarfssamninga okkar við Rúmfatalagerinn og Össur hf, Actavis og Olís, og fleiri endurnýjanir eru á döfnni. Síðan eru nokkrir samningar enn virkir s.s. við Icelandair og Radisson SAS, Hótel Sögu og höfum við fulla trú á að þeir verði endurnýjaðir þegar að því kemur.

En ÍF hefur ekki bara gert samninga á fjárhagslegum grunni. Aukið hefur verið samstarf við önnur sérsambönd og eins hefur ÍF tekið þátt í ýmsum verkefnum sem stuðla óbeint að getu á íþróttalegum grunni s.s. rannsóknarverkefni í samstarfi ÍF og Rannsóknarstofu í íþróttar- og heilsufræðum við Háskóla Íslands, - RHÍ.

En sem betur fer eru einnig fram undan spennandi tímar.

Ísland mun senda fjölmarga keppendur á Norrænt barna- og unglingamót sem haldið verður í Svíþjóð í sumar, það verður Evrópumeistaramót í borðtennis á Ítalíu, við sendum sundfólk á Global Games í Tékklandi, margvísleg Special Olympics mót standa til boða og svo framvegis.

En stærsta verkefni ÍF á þessu ári verður Evrópumeistaramótið í sundi sem haldið verður hér í Reykjavík í október n.k. og er væntanlegur til landsins stór hópur keppenda eða um 500 keppendur. Evrópumeistaramót í sundi hefur ekki verið haldið í fjölmörg ár og er mjög mikill áhugi fyrir mótinu, og þá ekki síst fyrir að þetta verður í fyrsta sinn síðan árið 2000 í Sydney, sem þroskaheftir taka þátt í móti á vegum IPC. Aðdragandinn að því að mótið er haldið hér er, að Ísland ásamt hinum Norðurlöndum hefur beitt sér fyrir að þroskaheftir verði aftur

teknir inn í keppni þar sem ekki væri sanngjarnt að refsa öllum fyrir það sem Spánverjar brutu af sér, og mikið hefur verið rætt um. Því þótti rétt að þegar tillaga okkar um endurkomu þroskaheftra í keppni var samþykkt að við tækjum að okkur að halda fyrsta mótið, Evrópumeistaramótið í sundi.

Mig langar til að þakka þremur konum sérstaklega fyrir þeirra aðstoð og skilning á að þetta skuli vera framkvæmanlegt, en þær eru Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík, Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Langar mig í þessu sambandi að breyta orðatiltæki Grettis Ásmundssonar forðum og segja nú: “Ber er hver að baki nema sér konur eigi!”

Á upphafsárum ÍF, fyrir 30 árum var kannski ekki beinlínis markmið hjá þeim sem lögðu af stað með íþróttir fyrir fatlaða að verða heims- og/eða Ólympíumeistarar, þó hefur það eflaust verið ofarlega í draumum þeirra og þrám, enda sýndi það sig fljótlega að þetta markmið var ekki óraunhæft, þótt erfitt væri.

Árangur fatlaðra Íslenskra íþróttamanna vakti fljótlega heimsathygli. Frá fyrsta Ólympíumótinu sem við tókum þátt í 1980 í Arnheim í Hollandi sem og Evrópu- og heimsmeistaramótum hafa 40 Íslendingar stigið á verðlaunapall. Margsinnis hefur íslenski þjóðsöngurinn hljómað þegar íslenskum keppanda voru afhent gullverðlaun.

Þessi árangur hefur verið uppörvun fyrir marga unga fatlaða einstaklinga sem dreymir um að feta í fótspor okkar fræknu hetja. Á síðasta þingi hafði ég á orði að ég hefði ekki tíma til að nefna alla þá sem hafa gert garðinn frægan innan okkar raða og að það myndi reyna á þolinmæði fundarstjóra og gesta að telja þá alla upp.

En nú, og þá sérstaklega þar sem við erum að fagna 30 ára starfi okkar, viljum við gera meira en að telja þá upp.

Hefur stjórn ÍF samþykkt að veita viðurkenningu öllum þeim einstaklingum sem hafa gert garðinn frægan fyrir Íslands hönd úr röðum fatlaðra og hafa unnið til verðlaunasætis á Evrópu-, heims- eða Ólympíumóti, sem og öllum þeim sem hafa verið kosnir íþróttamenn og konur ársins.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllu þessu frábæra íþróttafólki fyrir þeirra afrek.

Eins vil ég einnig nota tækifærið hér og þakka fráfarandi stjórn, varastjórn, svo og öllu því góða fólki sem setið hefur í hinum fjölmörgu nefndum, framlag til starfsins, þeirra athugasemdir og innlegg. Án ykkar hefði starfið ekki orðið svona öflugt.

Sérstaklega vil ég þakka Erlingi Þ. Jóhannssyni sem nú dregur sig í hlé frá stjórnarsetu hjá ÍF. Erlingur hefur í gegnum árin verið einn helsti uppbyggjandinn í sundstarfi hjá fötluðum og hefur sýnt ótrúlega elju og fórnfýsi, svo ég tali ekki um árangur.

Að öðrum ólöstuðum hefur hans starf við uppbyggingu sundsins skilað ótrúlegum árangri og eru íslenskir sundmenn með fleiri viðurkenningar en nokkur önnur þjóð, svo miðað sé við hinn margumtalaða fólksfjölda. En Erlingur hefur ekki látið sér nægja að þjálfa og byggja upp nýtt afreksfólk, hann hefur einnig setið í stjórn og varastjórn ÍF um árabíl og leiðbeint okkur þar með sömu víðsýni og þekkingu, talandi ekki um þolinmæði. Vil ég fyrir hönd stjórnar og ekki síður persónulega, þakka honum fyrir allt hans starf og þó hann ætli að hætta að leiðbeina stjórnarmönnum, veit ég að hann er ekki hættur með framtíðar heimsmeistara.

Einnig vil ég þakka Kristjáni Svanbergssyni, fráfarandi gjaldkera ÍF sem ekki gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Þó hann hafi einungis starfað eitt kjörtímabil að þessu sinni en

hann var gjaldkeri áður, hefur starf hans verið árangursríkt. Vil ég því færa honum bestu þakkir.

En það er ekki eingöngu stjórn sem kemur að máli. Við höfum verið lánsöm að hafa samheldið starfsfólk sem hefur starfað lengri og skemmri tíma á skrifstofu ÍF. Þeirra þekking og trúmennska verður seint fullþökkuð. Vil ég því fyrir hönd stjórnar færa þeim okkar bestu þakkir fyrir þeirra störf.

Sem ritstjóri Hvata, tímarits okkar, vil ég minnast aðeins á útkomu blaðsins. Við höfum ekki farið varhluta af ástandinu sem ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar hvað við kemur útgáfu Hvata, en útgáfan hefur verið fjármögnuð með auglýsingum og styrktarlínum. Seinna tölublað síðasta árs kom út sem aukablað með Fréttablaðinu og vildum við með því, minna á okkur þó með minna sniði en venja er til. Það er von okkar sem að útgáfunni vinnum, að okkur takist að koma út hefðbundnu blaði núna á afmælisárinu, en róðurinn er þungur.

Að loknu þessu þingi mun ný stjórn taka við og vinna að málefnum íþrótta fatlaðra næstu tvö árin. Hennar biða ærin verkefni, því eins og þið sjáið á þinggögnum og fjárhagsáætlun, liggja margvísleg málefni sem og tillögur fyrir þessu þingi. Vonandi verða þær sambandinu til góðs enda tilgangurinn að efla starfið og færa það nær starfsháttum ÍSÍ. Góðir gestir, þingfulltrúar, ég óska ykkur farsæls og árangursríks þings og lýsi 14. sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra sett.

## **2. Ávörp gesta og heiðranir íþróttamanna.**

Stjórnarmaður ÍSÍ, Íþrótta og Ólympíusambands Íslands, Hafsteinn Pálsson  
Formaður ÖBÍ, Halldór Sævar Guðbergsson  
Móðir keppanda á Special Olympics vetrarleikum 2005, Ásta Friðjónsdóttir.

Heiðursviðurkenningar veittar þeim íþróttamönnum sem hafa orðið íþróttamenn ársins og eða unnið til verðlauna á Heimsmeistaramótum, Evrópumótum og Ólympíumótum. Einnig þeim sem hafa verið kjörnir íþróttamenn ársins hjá ÍF.

Jogvan Jensen formaður Nord-HIF afhenti Sveini Áka Lúðvíkssyni heiðursviðurkenningu Nord-HIF.

Norrænu þjóðirnar afhentu ÍF gjafir í tilefni 30 ára afmælis ÍF.  
Færeyjar, Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland.

## **3. Kosning þingforseta og þingritara**

Borin var upp tillaga stjórnar um þingforseta, Hafstein Pálsson, **samþykkt samhljóða.**  
Borin var upp tillaga um þingritara Jón Björn Ólafsson og Kristínu Guðmundsdóttur, **samþykkt samhljóða.**

Kaffihlé.

Hafsteinn Pálsson, þingforseti tók við stjórn þingsins og þakkaði traustið sem honum og riturum var sýnt.

Þingforseti flutti kveðjur frá Forsætisráðherra, Heilbrigðisráðherra, Menntamálaráðherra og Félagsmálaráðherra sem sáu sér ekki fært að vera við setningu þingsins en báðu fyrir bestu kveðjum. Einnig bárust kveðjur frá Borgastjóra Reykjavíkurborgar og frá formanni UMFÍ.

#### **4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar**

Tillaga var gerð um að kjörbréfanefnd skipuðu Bragi Sigurðsson, Arnór Pétursson og Harpa Björnsdóttir. **Samþykkt samhljóða.** Óskað var eftir því að nefndin tæki strax til starfa.

#### **5. Kosning nefnda**

Tillaga kom fram um að hafa eina málstofu þar sem fjallað verði um þær tillögur sem fyrir liggja í stað þess að starfað verði í nefndum.

Samþykkt var samhljóða að þingið í heild fjallaði um framkomnar tillögur og fjárhagsáætlun.

Ef upp kæmi ágreiningur þá yrði skipt í nefndir.

#### **6. Lögð fram skýrsla stjórnar (þingskjal 1.0.)**

Ólafur Magnússon og Anna K. Vilhjálmsdóttir, stafsmenn ÍF fóru í stórum dráttum yfir skýrslu stjórnar ÍF sem hafði áður verið send sambandsaðilum.

Hafsteinn Pálsson þakkaði fyrir flutning skýrslu.

Að loknum stöfum Kjörbréfanefndar gerði Bragi Sigurðsson talsmaður nefndarinnar grein fyrir störfum hennar.

Kjörbréf frá Ægi, kom í tölvupósti ekki undirritað. Kjörbréf frá NES vantaði, var sent í tölvupósti. Tillaga frá kjörbréfanefnd að kjörbréf frá Ægi og Nes verði samþykkt.

Kjörbréf frá 11 félögum lágu fyrir.

HSK – eiga rétt á 8 en 8 eru mættir

HSV – eiga rétt á 3 en 2 er mættur

ÍBA – eiga rétt á 7 fulltrúum en 7 eru mættir

ÍBV – eiga rétt á 3 en 3 eru mættar

ÍRB – eiga rétt á 5 en 1 er mættur

ÍBH – eiga rétt á 6 en 4 eru mættir

ÍBR – eiga rétt á 15 en 14 eru mættir

HSP – eiga rétt á 4 en 2 eru mættir

UMSK – eiga rétt á 3 en 1 er mættur  
ÍA – eiga rétt á 3 en 2 eru mættir  
ÍBS – eiga rétt á 3 en 2 eru mættir.  
46 þingfulltrúar mættir.

Kjörbréfanefnd lagði til að ofangreind kjörbréf verði samþykkt – **samþykkt samhljóða.**

## **7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar (þingskjal 2.0.)**

Ólafur Magnússon, framkvæmdastóri ÍF fór í stórum dráttum yfir reikninga ÍF í fjarveru gjaldkera sem það fyrir kveðjum til þingsins.

Opnað fyrir umræður og fyrirspurnir vegna skýrslu stjórnar ÍF og endurskoðaða reikninga.

Skýrsla stjórnar

Guðrún Árnadóttir vildi koma fram athugasemd við skýrslu stjórnar að Snerpa fagnaði 20 ára afmæli en ekki 10 ára eins og fram kom við kynningu á skýrslu.

**Bragi Sigurðsson** þakkaði fyrir góða og vel uppsetta reikninga. Sagði frábæran árangur hvað eigið fé væri orðið mikið. Sagði einnig að ánægjulegt væri að ÍF skuli ekki hafa tapað fé í kreppunni.

**Arnór Pétursson** þakkaði fyrir greinargóða reikninga.

Skemmtileg og góð útkoma, ánægjulegt að náðst hafa þeir samningar sem eru komnir.

Þakkaði skýrsluna sem er viðamikil og ber merki um viðamikið og kröftugt starf.

Arnór sagði einnig að það væri ekki í takt við Ólympíuhugsun að menn þurfi að búa í ferðatösku til að öðlast keppnisrétt á Ólympíumóti. Finna þurfi eitthvað annað fyrirkomulag á þessu sem er betra. Ræða þurfi við IPC. Svo er spurning hvort það sé þess virði að kosta miklum peningum fyrir eitt sæti á Ólympíumóti.

**Sveinn Áki svaraði fyrirspurn Arnórs:** Þetta er ekki bara vandamál hjá Íslandi varðandi borðtennis heldur öllum þjóðum sem eru fámennar. Öll Norðurlöndin eru að berjast að fá þessu breytt.

Reikningar og skýrsla stjórnar borin undir atkvæði – **samþykkt samhljóða**

Hádegishlé

Þingstörf hófust að nýju eftir hádegishlé kl. 13:30

## **8. Lögð fram fjárhagsáætlun (þingskjal 3.0.)**

ÓM, framkvæmdastjóri ÍF gerði grein fyrir fjárhagsáætlunum 2009 og 2010.

Orðið laust um fjárhagsáætlun.

Bragi Sigurðsson: Hvernig stendur áætlun 2009, nú er maí hálfnaður, hvernig eru horfur á að áætlun standi? Spurning til ÓM.

Arnór Pétursson: Styrkir til einstaklinga og aðildarfélag. Áætlun of lág miðað við aðstæður í dag.

Ólafur Magnússon: Styrkir standa, búið að ganga frá samningum við flest þau fyrirtæki sem verið hafa samstarfs- og styrktaraðilar ÍF undanfarin ár. Þá er búið að tryggja styrki vegna EM þannig að reikna má með að tekjuöflun fyrir 2009 standist. Niðurskurður frá ríkinu verður á árinu 2010

Sveinn Áki Lúðvíksson: Starfið verði áfram öflugt, stjórn ÍF mun skoða einstök tilfelli ef óskað er eftir einstaklings- og félagastyrkjum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009, samþykkt samhljóða.  
Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010, samþykkt samhljóða.

## **9. Lagðar fram laga- og reglugerðabreytingar sem fram hafa komið.**

Fylgiskjal 4.0 Tillaga lögð fram af stjórn ÍF vegna lyfjamála.  
Þórður Árni Hjaltsted, verið að aðlaga reglum ÍSÍ og skyldum okkar að lyfjamálum.

Þingskjal nr. 4.

Erlingur Þ. Jóhannsson: er þetta í tengingu við það sem IPC gerir?  
Þórður Árni Hjaltsted svaraði og staðfesti að svo væri.

Þingskjal 4.0 samþykkt samhljóða.

Fylgiskjal 5.0 Tillaga lögð fram af stjórn ÍF vegna mótamála.  
ÞÁH Lagfæring á því í hverju við höldum Íslandsmót.

Þingskjal nr. 5

Þingskjal 5.0 samþykkt samhljóða.

Reglugerðin í heild sinni með árorðnum breytingum.  
Samþykkt samhljóða.

Fylgiskjal 6.0 Tillaga lögð fram af stjórn ÍF vegna heiðursviðurkenninga.  
Þórður Árni Hjaltsted, breyting á reglugerð um heiðursmerki ÍF. Til að gera sambærilegt að heiðursmerki ÍSÍ.

Þingskjal 6.0 samþykkt samhljóða.

Reglugerðin í heild sinni með árorðnum breytingum.  
Samþykkt samhljóða.

## **10. Önnur mál og aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar ÍF.**



Engar tillögur borist.

## **11. Nefndir starfa**

Þessi liður var felldur niður.

## **12. Önnur mál**

Ólafur Ólafsson: Íþróttafélagið Ösp mun vera gestgjafi fyrir hóp þroskaheftra knattspyrnumanna sem heimsækja Ísland dagana 8. -15. september næstkomandi. Lagði til að knattspyrnumót yrði haldið undir merkjum SO á Íslandi í tilefni af heimsókninni. ÓÓ kynnti líka úti boccia velli með gervigrasi í Nauthólsvík sem Reykjavíkurborg hefur samþykkt að ráðast í að búa til (ath nánar hjá ÓÓ).

Haukur Þorsteinsson, Íþróttafélagið Eik á 31 árs afmæli 16. maí 2009.  
Haukur sæmdi Önnu Karólínu Vilhjálmsdóttur, frá ÍF heiðursmerki Eikar sem hún var nefnd til árið 2008 en var erlendis og fékk því merkið afhent á Sambandsþinginu.

Arnór Pétursson: Bauð þingheimi að koma og skoða Íþróttahús ÍFR að Hátúni 12. Húsið var opnað í vor eftir stækkun. Saknar að sjá ekki skýrslur aðildarfélaga í skýrslu ÍF, umhugsunaratriði fyrir næsta þing.

## **13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla.**

Orðið var gefið laust um fjárhagsáætlun.

**Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða**

## **14. Ákveðið gjald ævifélaga**

Vísað til stjórnar – samþykkt samhljóða

## **15. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga, fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.**

Jósep Sigurjónsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir stöfrum nefndarinnar en aðrir í nefndinni voru, Júlíus Arnarson og Jenný Magnúsdóttir.  
Kristján Svanbergsson gjaldkeri gaf ekki kost á sér, vantar því nýjan mann í aðalstjórn.

Tillaga um að Jóhann Arnarson gangi upp í aðalstjórn.

Erlingur Þ. Jóhannsson, hættir

Tillaga um að í stað þessara tveggja komi: Gunnar Einar Steingrímsson og Jón Heiðar Jónsson

Tillaga uppstillingarnefndar.

Sveinn Áki Lúðviksson, formaður

Camilla Th. Hallgrímsson, varaformaður  
Aðrir í sjórn:  
Þórður Árni Hjaltsted  
Jóhann Arnarson  
Ólafur Þ. Jónsson

Varastjórn  
Svava Árnadóttir  
Gunnar Einar Steingrímsson  
Jón Heiðar Jónsson

Sveinn Áki Lúðvíksson var réttkjörinn formaður.

Þar sem Arnór Pétursson býður sig fram til varaformanns var gengið till kosninga.

Arnór Pétursson, kynnti sig og afhverju hann býður sig fram.  
Camilla, sagði heiður að hafa starfað sem varaformaður ÍF undangengin ár og það væri sér heiður að fá mótframboð jafn reynslumiklum manni og Arnóri Péturssyni og einum af frumkvöðlum íþróttar fatlaðra á Íslandi.

Camilla Th. Hallgrímsson var réttkjörin í stjórn, með 32 atkvæði.  
Arnór Péturson, hlaut 14 atkvæði.

Þórður Árni Hjaltsted var réttkjörinn í stjórn.

Ólafur Þ. Jónsson var réttkjörinn í stjórn.

Jóhann Arnarson var réttkjörinn í stjórn.

Svava Árnadóttir var réttkjörin í varastjórn  
Gunnar Einar Steingrímsson, var réttkjörin í varastjórn  
Jón Heiðar Jónsson, var réttkjörin í varastjórn

Hilmar Alfreðsson og Guðlaugur Guðmundsson voru réttkjörnir endurskoðendur reikninga.

Fulltrúar á íþróttapeing ÍSÍ. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að vísa vali þeirra til stjórnar ÍF.

## **16. Kosnir fulltrúar í Ólympíu- og afreksráð**

Ólafur Eiríksson réttkjörinn í ólympíu- og afreksráð

## **17. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar**

Riturum var falið að ganga frá þingfundargerðum í samstarfi við stjórn og skrifstofu Íþróttasambands Fatlaðra

## **18. Þingslit**

Nýendurkjörinn formaður ÍF, Sveinn Áki Lúðvíksson þakkaði fyrir traustið sem honum var sýnt með því að vera endurkjörinn sem formaður. Minntist á hversu mikilvægt starf félaganna væri og að efla þyrfti þátttöku þeirra á mótum.

Þakkaði Kristjáni Svanbergssyni fyrir ánægjulegt samstarf í stjórn ÍF á síðasta kjörtímabili og þakkaði honum fyrir hans störf.

Erlingi Þ. Jóhannssyni þakkaði hann kærlega fyrir öll hans ár í stjórn ÍF.

Bauð nýja stjórnarmenn hjartanlega velkomna í stjórn.

Hafsteinn Pálsson, þakkaði þingfulltrúum fyrir ánægjulegt og farsælt þing og sleit því næst þinginu.

Þingforseti

---

Hafsteinn Pálsson

Þingritari

---

Jón Björn Ólafsson

Þingritari

---

Kristín Guðmundsdóttir